

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 3. júní 2019
UST201906-011/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Vesturhlíð – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Vesturhlíð í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða deiliskipulag á 73 ha landbúnaðar-, verslunar- og þjónustu- (VP32) og frístundasvæði (F80) á hluta jarðarinnar Vesturhlíð

Í greinargerð kemur fram að skipulagið gerir því ráð fyrir íbúðarhúsi fyrir lögbýli og reiðhöll í tengslum við hestamennsku, útleiguhúsum tengdum ferðaþjónustu, tjaldsvæði og 16 frístundahúsalóðum.

Náttúrufar og vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Tillagan gerir ráð fyrir að vistgerðum með hátt verndargildi verði ekki raskað eins og kostur er.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita innan skipulagssvæðisins skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur